

55. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 20. febrúar 2025 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar

Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsáætlun og breytingar

Forstöðumaður fór yfir starfsáætlun ársins 2025 sem hefur verið send ráðuneytinu og birt á vefsíðu setursins. Nokkrar breytingar verða á starfseminni í ljósi nýs samnings við ráðuneytið sem einnig má finna á vefsíðunni. Þá verða breytingar á starfsmannahaldi setursins síðar á árinu sem mun líka hafa áhrif á starfsemina.

2. Viðhaldsáætlun

Samantekt viðhaldsfrankvæmda síðasta árs og viðhaldsáætlun ársins í ár voru kynntar fyrir stjórn. Viðhaldsáætlun var samþykkt, en hún gengur að mestu út á uppbyggingu aðstöðu fyrir háskólaþjónustu setursins. Báðar skýrslur verða sendar bæjaryfirvöldum og óskað eftir fundi til að fara yfir tillögur að framkvæmdum ársins.

3. Styrkir og samningar

Þekkingarsetrið fékk nýverið styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja að upphæð 1,5 milljón króna til uppbyggingar og markaðssetningar háskólaþjónustu setursins.

Í janúar síðastliðnum var skrifað undir leigusamning á skrifstofuaðstöðu til þriggja ára vegna óstaðbundins starfs á vegum Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem verður skemmtileg viðbót við þá starfsemi sem fyrir er í setrinu.

Leigusamningur við Benchmark Genetics rann út um síðustu áramót og unnið er að endurnýjun hans.

4. Stefnumótunarvinna

Stjórn var sammála um að fresta stefnumótunarvinnu þar til síðar í ljósi þeirra breytinga sem verða mögulega á starfseminni síðar í árinu.

5. Önnur mál

- a) Keilir hefur skipað nýjan varamann í stjórn setursins, Gísli Hólmur Jóhannesson.
- b) Ákveðið var að halda ársfund þekkingarsetursins miðvikudaginn 28. maí kl. 15:00.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 28. maí kl. 14:00.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - sign

Sindri Gíslason - sign

Berglind Kristjánsdóttir - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

Guðmundur Gréttar Karlsson - sign

Hanna María Kristjánsdóttir - sign